



## Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Velferðarnefnd Alþingis	<b>Dagsetning</b>	30. janúar 2024
<b>Sendandi</b>	Innviðaráðuneytið	<b>Málsnúmer</b>	IRN24010094
		<b>Tilgangur</b>	Til upplýsingar

Fyrir hönd velferðarnefndar Alþingis hefur verið óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til hugsanlegra frekari breytinga á lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023, en frumvarp innviðaráðherra kveður á um.

Þessar hugsanlegu breytingar eru:

- Sameina flokka eins og tveggja heimilismanna skv. 1. mgr. 13. gr. laganna.
- Hækka hámarksfjárhæð sértæks húsnæðisstuðnings skv. 1. mgr. 13. gr. laganna úr 150 þ.kr. fyrir einn heimilismann í 180 þ.kr. og jafnframt hækka hámarksfjárhæð í öðrum flokkum til samræmis.
- Lengja gildistíma sértæks húsnæðisstuðnings skv. 4. mgr. 15. gr. laganna út árið 2024 í stað þess að lengja hann út júní 2024 eins og lagt er til í frumvarpinu.

Það er mat ráðuneytisins að standi vilji velferðarnefndar til þess að koma betur til móts við heimili með einum heimilismanni en lög nr. 94/2023 kveða á um sé vænlegra að hækka grunnfjárhæðina skv. 1. mgr. 13. gr. laganna (tillaga b) en að slá saman flokkum heimilismanna skv. sömu grein (tillaga a). Með því er komið til móts við þarfir allra þeirra heimila sem nýta úrræðið auk þess sem staða fámennra heimila er styrkt. Áætlað er að slík breyting í samræmi við b-lið hér að framan hafi í för með sér um 40 – 50 m.kr. kostnaðarauka á mánuði.

Hvað varðar gildistíma úrræðisins leggur ráðuneytið áherslu á að sértækur húsnæðisstuðningur samkvæmt lögum nr. 94/2023 er tímabundið úrræði sem ætlað er að brúa bil þar til varanlegri lausnir í húsnæðismálum Grindvíkinga eru komnar til framkvæmda. Því telur ráðuneytið ekki tilefni til að lengja gildistíma úrræðisins að þessu sinni til lengri tíma en frumvarpið kveður á um.